

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Garðakaupstað.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Uppþot eða óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferð eða til óþæginda fyrir vegfarendur. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almenningsafnota, svo sem leikhúsi, torg, bryggjur, skeiðvelli, íþróttavelli, útivistarsvæði, fjárréttir, markaði og opinber uppboð.

Um kvikmyndahús, leikhús, veitingastaði og önnur samkomuhús, almennar knattborðsstofur, leiktækjasali, afgreiðslustaði bifreiða og kvöldsölur gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr verslana, samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, né hafa í frammi hávaða eða móðgandi háttarlag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur, eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Skipulagðar skrudgöngur, mótmæla- og kröfugöngur og útifundi ber að tilkynna til lögreglunnar og skulu þátttakendur hlýta fyrirmælum lögreglunnar svo að gæta megi góðrar reglu og umferðaröryggis.

5. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturro manna, og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu, hringja síma, eða hafast neitt það að, sem veldur ónáði.

6. gr.

Á götum bæjarins eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólaskautum, hjólabrettum, skautum, sledum, eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af.

Einnig er bannað að hanga aftan í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum, eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð eða festa við þau sleða, handvagna eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.

Lögreglustjóri getur heimilað skíða- og sleða- eða rennibrautir á alfararvegi og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem leik- og sleðagötur. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ítrustu varúðar og tillitsemi gætt.

7. gr.

Hlaðnar byssur má ekki bera (á götum bæjarins eða annars staðar) á almannafæri. Eigi má skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum innan kaupstaðarmarka, nema á sérstökum æfingarsvæðum, sem eru rækilega merkt og lögreglustjóri samþykkir. Í þéttbýli má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á, svo sem um áramót.

Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra, og bera bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni eða önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af.

Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum, sem lögreglustjóri og slökkviliðsstjóri samþykkja.

Að öðru leyti vísast til laga og reglugerða um meðferð skotvopna og sprengiefna.

8. gr.

Allir eru skyldir til að segja til nafns síns og heimilisfangs og sýna persónuskilríki ef lögreglan krefst þess.

9. gr.

Ölvuðum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga á almannafæri, skal ráðstafað á tryggilegan hátt og skulu þeir greiða kostnað þann, sem af því leiðir. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða, barsmið eða áreitni eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri skal ráðstafað á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs síns aftur og skulu þeir þá, auk áfallins kostnaðar, ennfremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarfriði, er þeir kunna að hafa vakið með ónæði sínu.

10. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum fyrir tjón, sem þeir kunna að bíða við það á líkama eða persónulegum munum.

11. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum, sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur eða annars staðar svo nærri landi eða skipum í höfnum að hneykslun valdi.

12. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hafa til þess leyfi slökkviliðsstjóra eða tæknideildar bæjarins. Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljósum bæjarins.

II. KAFLI

Um útivist barna o.fl.

13. gr.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 á tímabilinu frá 1. sept. til 1. maí og kl. 22.00 á tímabilinu frá 1. maí til 1. sept. nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

Unglingar yngri en 15 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22.00 á tímabilinu frá 1. sept. til 1. maí og ekki eftir kl. 23.00 á tímabilinu frá 1. maí til 1. sept., nema í fylgd með

fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim, nema um sé að ræða beina heimferð frá skóla-skemmtunum, íþróttasamkomu eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og unglinga eftir að löglegum útivistartíma lýkur, önnur en heimkeyrsla, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

Óheimilt er að selja unglíngum undir 16 ára aldri sígarettur eða aðrar tóbaksvörur. Barnaverndarnefnd eða annar aðili sem gegnir hlutverki barnaverndarnefndar skal vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

14. gr.

Ungmönnum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglíngaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti.

Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Ungmönnum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, nema í fylgd með foreldrum, forráðamönnum eða maka. Veitingaleyfshafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið, að viðlögðum sektum og/eða missi veitingaleyfa sinna um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðurlögðum sektum gæta þess, að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum.

Útdráttur úr ákvæðum þessa kafla skal festur upp á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd, eða aðili er gegnir hlutverki hennar, ásamt lögreglu um að þessu sé framfylgt.

Bannað er að ungmenni innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má að siðferði þeirra sé sérstök hættu búin. Þegar sérstaklega stendur á getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára aldri. Lögreglustjóri getur og í sérstökum tilvikum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar eða þess er gegnir hlutverki hennar. Barnaverndarnefnd eða sá aðili er gegnir hlutverki hennar er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

15. gr.

Óheimilt er að sýna opinberlega, stilla út í sýningarglugga eða á annan hátt að birta myndir, sem að dómi barnaverndarnefndar, eða þess aðila er gegnir hlutverki hennar, eru siðspillandi hvort sem það eru ljósmyndir, veggauklýsingar eða kvikmyndir og getur lögreglustjóri, barnaverndarnefnd, eða sá aðili er gegnir hlutverki hennar, bannað sýningu þeirra eða takmarkað aðgang við ákveðið aldursmark. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna eftir því sem við á.

III. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferð.

16. gr.

Atvinnurekstur er óheimill á almannaferi þar sem hann tálmar umferðinni. Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum sem upp eru taldar í þessari grein.

Heimilt er að selja blöð og bæklinga á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með hrópum eða söng frá kl. 18.00 til kl. 09.00.

Afurðir getur bæjarráð heimilað að seldar séu á torgum og öðrum stöðum að fengnu álitu heilbrigðisnefndar enda séu fyrirmæli um verslunarleyfi og önnur ákvæði laga ekki því til fyrirstöðu að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarráðs bundið við ákveðnar tegundir afurða og er því heimilt að setja þau skilyrði fyrir leyfinu er það telur nauðsynlegt vegna hreinlætis og annars.

17. gr.

Enginn má láta fyrir berast í húsum, lóðum, í garðhliðum eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða á lóðir, án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda. Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafast við á þessum stöðum, ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu. Óheimilt er að fara inn í hífýli í söluverndum ef húsráðendur banna það.

18. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það er hindrar umferð eða veldur hættu. Bannað er að leggja í íbúðarhverfum stórum vinnuvélum eða bifreiðum sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga, sem eru 2½ tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara tækja er skylt að nota sérstaklega merkt bílastæði sem ætluð eru stórum bifreiðum og vinnuvélum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra. Verði settar reglur í þessu efni má ákveða gjald í bæjarsjóð fyrir bifreiðastæði.

Notkun á vélsleðum og óyfirbyggðum vélknúnum smábílum (bílkrílum) er bönnuð. Lögreglustjóri getur að fengnum tillögum bæjarstjórnar veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

19. gr.

Húseigendur eða umráðamenn húseigna skulu halda tilheyrandi gangstígum, stéttum og tröppum hreinum af snjó og klaka svo sem kostur er svo og hreinsa snjó af húspökum og fjarlægja grýlukerti þannig að eigi stafi hætta af fyrir gangandi vegfarendur sem eiga þar leið um.

Húseigendum er skylt að hlýta fyrirmælum lögregluýfirvalda um frágang girðinga og trjágróðurs þar sem svo háttar til að það tálmar útsýni við gatnamót.

20. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að láta flytja burtu og setja á stað þann, sem hverju sinni er ætlaður brotajárni og málmúrgangi, bifreiðir, sem standa án skráningarnúmera á götum bæjarins, almennum bifreiðastæðum eða á opnum svæðum. Tilkynna skal eiganda eða umráðamanni um flutninginn, ef vitað er hver hann er, og skal hann bera kostnað af flutningnum.

21. gr.

Eigi má hengja utan á hús, vöruskápa eða sjálfsala auglýsingaspjöld eða annað þess háttar ef það velur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar. Leyfi bygginganefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar.

22. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á neinn hátt nema hann hafi til þess leyfi bæjaryfirvalda og samþykki lögreglustjóra enda setji hann aftur í samt lag það sem raskað var. Slík verk skulu unnin þannig að sem minnstur farartálmi sé að

og sem minnstri hættu valdi og ætíð skal þess gætt að vegfarendur séu varaðir við faratálm-anum með nægilega greinilegum hætti. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri aðrar þær ráðstafanir er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti meðan á verki stendur eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram eftir að byrjað er á því getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess sem verkið átti að framkvæma.

Áður en skurðgröftur er hafinn á einkalóð er skylt að leita upplýsinga um legu jarðstrengja og jarðlagna hjá rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og Pósti og síma.

23. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús er rífið og byggt upp að nokkru leyti er eiganda eða þeim, sem sér um verkið, skylt að skýra lögreglustjóra frá áður en verkið byrjar. Eigandi eða verk taki skal haga sér eftir þeim fyrirmælum sem lögreglustjóri setur til að forðast faratálma og hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur. Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannaferi nema þar sem lögreglustjóri leyfir og eigi má það liggja lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, efnisleifar og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt þegar húsagerðin er svo langt komin að því verður við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða faratálma, skal taka burt þegar í stað að framkvæmdum loknum eða þegar lögreglan krefst þess. Nú brennur hús eða annað mannvirki eða það er tekið burt án þess að annað sé gert í staðinn og er eiganda þá skylt að ganga svo frá hússtaðinu að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

24. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við smíðar eða viðgerðir á húsum eða öðrum mannvirkjum skal gera nægilega traustan og öruggan. Enda á steypustyrktarjárn má ekki láta standa bera upp í loftið í húsgrunnum eða byggingum þannig að börn eða aðrir geti hlotið skaða af. Heimilt er lögreglustjóra eða byggingaryfirvöldum að gera víðeigandi öryggisráðstafanir hér að lútandi samkvæmt lögum og reglugerð um öryggisbúnað á vinnustöðum.

Vinnupalla, sem valdið geta hættu fyrir umferð á gangstéttum eða götum, er einungis heimilt að reisa með leyfi lögreglustjóra. Slíkir vinnupallar skulu fjarlægðir innan tiltekins tíma eða þegar lögreglan krefst þess.

Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess háttar skulu vera nægilega traustir. Við fjölfarnar götur skal vörður standa við stiga meðan á verki stendur. Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannaferi eftir að dimmt er orðið.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust. Ef slík áhöld eru skilin eftir á vinnustað þegar vinnustaður er yfirgefinn skal ganga frá þeim á tryggilegan hátt svo að ekki hljótist að slys eða hætta fyrir vegfarendur.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar hér að lútandi eru á ábyrgð þess sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanna.

25. gr.

Nú er hús svo hrörlegt að hætt er við að það eða einhver hluti þess hrynji eða járn fjúki af þaki og veggjum, og getur lögreglustjóri eða bæjaryfirvöld þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það innan tiltekins tíma eða endurbæta það svo sem þörf gerist til að afstýra hættu. Ennfremur getur lögreglustjóri og/eða bæjaryfirvöld á kostnað eigandans

gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess þegar steinveggur, tréveggur eða önnur girðing er komin að hruni eða falli. Allt það sem eigandi eða umráðamaður vanrækir samkvæmt þessari grein getur lögreglustjóri eða bæjaryfirvöld látið framkvæma á kostnað eiganda.

26. gr.

Enginn má skemma, lýta eða öhreinka né á annan hátt spilla almenningseignum né eignum einstaklinga.

27. gr.

Enginn má skemma girðingar né heldur klifra yfir þær eða upp um þær. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

IV. KAFLI

Um umferð á götum o.fl.

28. gr.

Umferð um götur bæjarins skal fara eftir umferðarlögum og reglum sem settar eru samkvæmt þeim nema þar sem annað er ákveðið.

29. gr.

Ökuhraða skal ávallt stilla í hóf svo að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð og má ökuhraði í þéttbýli aldrei vera meiri en 50 km miðað við klukkustund.

30. gr.

Peir, sem flytja vörur um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega að flutningatæki séu þannig gerð að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað fellur af eða hrynur niður á almannafæri við flutning, feringu eða affermingu skal sá, er flytur eða flutningnum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

31. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð vélknúinna ökutækja á einstökum götum eða svæðum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri takmarkað umferð vélknúinna ökutækja innanbæjar að næturlagi.

32. gr.

Allur akstur á bifreiðum, torfæruhjólum og bifhjólum er óheimill utan vega eða vegarstæða þar sem hætta er á spjöllum á gróðri eða náttúru.

Allur akstur bifhjóla er óheimill á leikvöngum, leikvöllum, skrúðgörðum og öðrum slíkum stöðum.

Bæjarstjórn getur bannað alla umferð vélknúinna ökutækja á tilteknum svæðum.

33. gr.

Umferð vinnuvéla og vörubifreiða, sendibifreiða og fólksflutningabifreiða er óheimil í íbúðarhverfi nema í atvinnuskyni eða af öðrum brýnum ástæðum.

Bæjarstjórn getur í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessari reglu ef talið er að slíkt leiði ekki til slyshættu, ónæðis eða óþæginda fyrir bæjarbúa.

Óheimilt er að láta aflvélar kyrrstæðra bifreiða, strætisvagna, eða vinnuvéla ganga að óþörfu svo komast megi hjá loft- og hávaðamengun á almannafæri eða þar sem ætla má, að það valdi óþægindum.

V. KAFLI

Um alifugla, gripi og fénað.

34. gr.

Búfjánhald (nautgripa-, hrossa-, svína-, geita-, fiðurfjár- og sauðfjánhald) er heimilt í landi kaupstaðarins að fengnu sérstöku leyfi og með skilmálum, sem bæjarráð setur. Að öðru leyti vísast til reglugerðar um búfjánhald í Garðabæ um skilyrði fyrir leyfi til búfjánhalds o.fl.

35. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfénað, má ekki láta ganga lausan í kaupstaðnum nema hann sé í öruggri girðingu sem lögreglan tekur gilda svo að ágangur á land eða lóðir annarra geti eigi hlotist af. Skipulagður rekstur búfénaðar í landi kaupstaðarins er bannaður nema með leyfi lögreglustjóra.

36. gr.

Er maður heldur búfé án heimildar skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða lóga því.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfé, sem er látinn ganga laus í kaupstaðnum gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar, skal handsama. Einnig mega þeir sem fyrir ágangi verða láta handsama ágangsfénað en skýra skulu þeir lögreglunni frá því tafarlaust. Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun hans og fóðrun og annan kostnað sem af slíku leiðir og má selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum, verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina, eða ef ekki er vitað um eiganda, innan hæfilega langs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt. Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta allt það tjón er búpeningurinn hefur valdið. Ef ætla má að sama skepnan valdi ítrekuðu tjóni á ræktunarlóðum í kaupstaðnum skal lögreglunni skylt að sjá svo um að hún verði send á afrétt á kostnað eiganda en lógað ef því verður ekki við komið eða skepnan leitast aftur til kaupstaðarins.

Jafnframt sæti eigendur eða umráðamenn ágangsfénaðar sektum ef rekja má ágang búfjárens til vanrækslu þeirra.

37. gr.

Flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, skulu lögreglumenn aflífa.

38. gr.

Loðdýr (dýr sem alin eru vegna feldsins), alifugla og tamda fugla, svo sem dúfur, má ekki ala án samþykkis heilbrigðisnefndar og að uppfylltum skilyrðum sem hún setur um hýsingu og aðrar aðstæður.

39. gr.

Á vegum skulu ríðandi menn fara eftir gildandi umferðarreglum. Óheimilt er að ríða hestum um götur bæjarins þar sem þéttbýlt er, en lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

40. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum gildandi fjallskilareglugerðar eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

VI. KAFLA

Um hundahald.

41. gr.

Hundahald er bannað í Garðakaupstað nema með leyfi bæjarstjórnar samkvæmt samþykkt um hundahald í Garðakaupstað frá 11. mars 1983.

42. gr.

Við minni háttar brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað sem leiðir af brotinu. Ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða getur hundaeftirlitsmaður krafist þess við bæjarstjórn að leyfið verði afturkallað. Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf.

Lögreglustjóri skal taka til meðferðar og fjalla um meiriháttar brot og ítrekuð brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds.

VII. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

43. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur á hús til að tákna húsaröð skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja ef á þarf að halda. Húseigendum ber skylda til að auðkenna hús sín með húsnúmeri eða nöfnum þar sem það á við.

44. gr.

Bæjarstjórn ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum og útvegar á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni svo mörg sem þurfa þykir. Auglýsingar um sýningar og skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutadeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má festa upp með leyfi húsráðanda.

45. gr.

Hlutadeigendur skulu taka niður uppfestar auglýsingar þegar þær hafa náð tilgangi sínum og hreinsa vel staðinn þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega uppfestar auglýsingar eða gera þær ólæsilegar á annan hátt.

VIII. KAFLI

Um samkomur, knattborðs- og leiktækjastofur og almennar skemmtanir.

46. gr.

Leyfi lögreglustjóra þarf til að reka veitingasölu og halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, leiksýningu, söngskemmtun, hlutaveltu, myndskýningu o. s. frv., sem almenningi er boðið til eða seldur aðgangur að.

Lögreglustjóri getur bundið skemmtanaleyfið þeirri kvöð að lögreglumenn og slökkviliðsmenn verði á skemmtistað og haldi þeir uppi löggæslu og eftirliti á staðnum allan samkomutímam og er leyfishafa skylt að hlíta fyrirmælum þeirra til að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti.

Kostnað við löggæslu þessa greiði skemmtanahaldari að því leyti sem hann er ekki greiddur af almannafé samkvæmt venjulegum reglum um starf lögreglumanna. Sömu reglur gilda um almennar útisamkomur að svo miklu leyti sem því verður við komið.

47. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar, og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórnin hefur samþykkt.

Hafa skal nægilegt starfsfólk og dyragæslu eftir því er lögreglan telur nauðsynlegt til þess að halda uppi reglu og þrífalegri umgengni.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

48. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda leiksýningu, dansskemmtun, söngskemmtun eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talið er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við eru staddir, að fara í burtu.

49. gr.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu, dansskemmtun og aðrar skemmtanir eða selur gistingu, er skylt að afstýra því að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, danshúsi eða gistihúsi sem er á móti góðri reglu og velsæmi.

Skal hann sjá um að loftræsting og þrífnaður sé í góðu lagi. Sá er heldur dansskemmtun eða aðra skemmtun skal sjá um og ábyrgjast að fjöldi gesta takmarkist við leyfilegan hámarksfjölda samkvæmt skemmtanaleyfi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar eða skemmtanir á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt ef ekki er bætt þegar úr ágöllum að gefinni viðvörðun. Þeir er hafa í frammi á framangreindum stöðum háttsemi er stríðir gegn góðri reglu og velsæmi skulu sæta sektum.

50. gr.

Matsölur og kaffihús er heimilt að hafa opin frá kl. 06:00 til kl. 23:30.

Dans- og veitingahús og veitingastaði, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, er heimilt að hafa opna frá kl. 18:00 til kl. 01:00, en aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags til kl. 03:00. Aðgangur er heimill þar til einni klukkustund fyrir lokunartíma og allir gestir skulu hafa farið út eigi síðar en hálfri stundu eftir að lokað er. Leyfi lögreglustjóra þarf þó til að hafa opið lengur en til kl. 23:30. Lögreglustjóri getur heimilað í sérstökum tilfellum að vínveitingahús verði opnuð fyrir kl. 18:00. Þá er ennfremur heimilt að selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma.

51. gr.

Enginn má setja upp knattborðsstofu nema með leyfi lögreglustjóra. Leyfið er háð samþykki bæjarstjórnar. Lögreglustjóri getur og afdæmið leyfið ef hann álitur ástæðu til. Unglingar undir 16 ára mega ekki koma á knattborðsstofu og eru á ábyrgð knattborðsstofu-hafa ef út af er brugðið.

Knattborðsstofur mega vera opnar frá kl. 13:00 til 23:00.

52. gr.

Enginn má reka spilakassa eða leiktæki gegn borgun nema með leyfi bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur sett ákveðin skilyrði fyrir leyfisveitingu og skal tilgreina fyrir hvað langan tíma leyfið gildir hverju sinni. Aðeins má veita slíkt leyfi þeim, er reka tæki þessi í

húsakynnum, sem uppfylla ákvæði í reglugerðum og samþykktum um brunavarnir og brunamál og um hollustuhætti. Börnum innan 14 ára aldurs er ekki heimill aðgangur að slíkum tækjum.

Leyfið skal ekki veitt lengur en til eins árs í senn. Það skal gefið út á nafn einstaklings, vera staðbundið, ekki framseljanlegt og í því skal greina fjölda tækja.

Leiktækjasalur mega vera opnir frá kl. 13:00 til 23:00.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum greinar þessarar eða þeim skilyrðum, er bæjarstjórn kann að setja, getur bæjarstjórn svipt hann leyfinu enda hafi hann ekki látið segjast við aðvörun.

Heimilt er að víkja frá framangreindum skilyrðum, ef rekstur er ætlaður til skamms tíma, s.s. í tengslum við skemmtanir eða almennar samkomur félaga eða félagasamtaka.

53. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi bæjarstjórnar og lögreglustjóra og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem bæjarstjórn tiltekur í samræmi við gildandi reglur.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til einstakra sýninga.

IX. KAFLI

Um almennt hreinlæti, þrifnað o. fl.

54. gr.

Á almannafæri, innan hafnarinnar og á fjörum má eigi kasta hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum brjóta flöskur eða skilja eftir grjót, mold, möl, sand, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, múrbrot, spýtnasprek, bílhræ eða yfirleitt nokkuð það þótt eigi sé hér talið sérstaklega, sem valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óþrýði.

Aðeins er heimilt að henda mold, grjóti, sorpi og úrgangi á staði sem til þess eru ætlaðir og bæjaryfirvöld vísa á til þeirra nota.

Hvers kyns taka og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask, svo sem taka á hraunhellum, grjóti eða sandi, er óheimil í bæjarlandinu nema með samþykki bæjaryfirvalda.

55. gr.

Tunnur eða önnur ílát með sorpi, slori eða því um líku má ekki láta standa á almannafæri né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Fiskúrgang, áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum, vel þéttum. Þeir sem flytja vörur, fisk, fiskúrgang og annað um götur bæjarins skulu gæta þess vandlega að flutningstæki séu þannig gerð og hleðslu þannig háttáð að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað losnar af við flutninginn, fermingu eða affermingu skal sá, er flytur eða flutningum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

56. gr.

Eigendur verslana og söluturna skulu annast hreinsun á öllu rusli sem hlýst af rekstrinum, að minnsta kosti daglega. Þeir skulu koma upp sorpkössum og tæma þá. Þeir skulu og ganga tryggilega frá sorpgeymslum og hreinsa upp allt rusl sem berast kann út á aðliggjandi götur, torg eða lóðir.

57. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstaði eða þar sem þeir koma saman á víðavangi, hvar sem er innan lögsagnarumdæmisins. Ber að hreinsa vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli áður en staðurinn er yfirgefinn og grafa ruslið vandlega niður eða flytja það burt. Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á slíkum stöðum.

Óheimilt er að brenna sinu eftir 30. apríl ár hvert. Landeigandi skal tilkynna slökkviliðsstjóra um fyrirhugaðan sinubruna.

Óheimilt er að kveikja elda eða brenna rusli eða sorpi innan bæjarins nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

58. gr.

Bannað er að setja upp girðingar sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum t.d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skylt er hús- eða lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kring um hús þeirra. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða stuðla að því að slíkt berist inn á lóðina. Hver sem gerist sekur um slíkt skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því að óhreinindi berist af lóð annars manns.

Eiganda eða umráðamanni húss eða mannvirkis er skylt að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri, svo og tilheyrandi lóð og girðingum. Óheimilt er að geyma hvers kyns drasl, ógangfærar bifreiðar, bílhæ og því um líkt á lóðum þannig að það snúi að almannaferi. Óheimilt er að geyma hjólhýsi, báta eða óskrasettar bifreiðar á bifreiðastæðum bæjarins, við götur eða á almannaferi. Lögreglu eða bæjaryfirvöldum er heimilt að fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni almennri áskorun sem birt er í bæjar- eða dagblöðum.

Að undangenginni almennri auglýsingu bæjaryfirvalda er heimilt að framkvæma lóðarhreinsun á kostnað eiganda eða umráðamanns. Hreinsunardeild bæjarins er heimilt að halda hlutum, sem fjarlægðir voru, til tryggingar því að hreinsunarkostnaður á lóðinni verði greiddur. Bæjarsjóður ber ekki ábyrgð á tjóni sem verður á hlut við framangreinda hreinsun.

Auk ákvæða þessa kafla gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar eftir því sem við á.

X. KAFLI

Um samgang við skip.

59. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna samgang við erlend skip ef hann telur þess þörf til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu.

Slökkviliðsstjóri getur takmarkað samgang við skip sem flytja eldfim efni svo sem olfuskip.

XI. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o.fl.

60. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Gardakaupstaðar.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara að hætti opinberra mála. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum.

Hagnaður sá er sakborningur kann að hafa af broti sínu og enginn tiltekinn aðili á löglegt tilkall til skal upptækur ger og renna auk sekta í ríkissjóð.

61. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum er lögreglustjóri gerir til að hindra brot á samþykktinni, greiðist af brotamaninum eða úr ríkissjóði, sé brotamaður eigi fær um það.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Garðakaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina nr. 1 3. janúar 1890, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Garðakaupstað nr. 627 22. desember 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. mars 1988.

Jón Sigurðsson.

Hjalti Zóphóníasson.

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjöld í Þorlákshöfn, Ölfushreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Ölfushrepps ákveður að leggja á A-gatnagerðargjald vegna þátttöku lóðarhafa við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum.

2. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkun eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum í Þorlákshöfn, skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3%
Raðhús	2%
Fjölbýlishús	1%
Verslunar- og skrifstofubygging	2%
Iðnaðarhúsnæði, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1,5%
Opinberar byggingar	2%

Rúmmál húsa skal reiknað frá neðstu grunnplötu. Þegar veittar eru lóðir fyrir verslunar-, iðnaðar- eða annað atvinnuhúsnæði, skal áætla nýtingarhlutfall lóða 0,3—0,5 eftir nánara mati byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi og skal það flatarmál reiknast sem lágmarksgjald. Sé byggt umfram áætlaðan gólfplöt greiðast af því gatnagerðargjöld þegar byggingarleyfi er notað og skal það greitt áður en útmæling er gerð.